

MYND AF ÍSLANDI

17. janúar 2016



Stefán Jón Hafstein var í viðtali í sjónvarpsþættinum *Silfri Egils* í janúar 2012.

Tilfnið var grein sem birtist í tímariti Máls og menningar 2011

Hér er viðtalið birt uppskrifað í styttri útgáfu vegna þess að því hefur verið deilt víða á youtube.com og samfélagsmiðlum.

Hluti viðtalsins var um atburði sem nú hafa litla skírskotun en þessi kjarni hefur því miður enn erindi fjórum árum síðar og er því birtur þér.

Stytt myndbandsútgáfan er einnig á youtube:

<https://www.youtube.com/watch?v=NqzFkL3a7tQ>

Greinin sem í er vitnað heitir Rányrkjubú og er

hér: <http://stefanjon.is/myndir/2015/2016/ranyrkjubu%20mynd%20af%20islandi%20og%20fleira%202016.pdf>



Höfðingjavelðið á Íslandi og ættbálkahugsunin

Egill Helgason
spyrill: „þú...skrifaðir grein í *Tímarit Máls og menningar* sem birtist núna í haust [2011] og þú kallaðir *Rányrkjubú*, grein sem vakti mikla athygli. ...Mig langaði að fá þig hingað til að fara yfir þennan samanburð sem þú gerðir við Afríku og kannski horfa svolítið á pólitíska ástandið eins og það er hérna heima núna líka. Þessi grein... þarna ertu í rauninni að bera Ísland

saman við ættbálkasamfélög í Afríku.

SJH: Já, ég var dálítið sleginn þegar ég, í hruninu miðju, var að lesa mikla bók sem margir kannast við - *The State of Africa* eftir *Meredith*, sagnfræðingin n mikla - þar sem hann rekur sögu nýfrjálsu ríkjanna í Afríku. Þau urðu ekki frjáls fyrr en í kringum 1950-60... 60. Það sló mig hversu margt er sameiginlegt með Íslandi og

nýfrjálsu ríkjum sem eru að koma upp á síðari hluta 20. aldar.

Samlíkingin er mjög sláandi og manni leið hreinlega illa að bera þetta saman þegar manni opnuðust augu til þessa lands - sem maður hafði alist upp í og trúað að væri í hópi lýðræðisþjóða og hér væri mikil og sterk lýðræðishefð - þegar í raun og veru saga Íslands frá upphafi er saga spillingar.

Viðtalið var flutt í kjölfar skrifa minna um Hrunið, ss. greinina *Rányrkjubú* sem finna má á www.stefanjon.is

Egill: Að það sé saga spillingar...

SJH: Já. Þetta er miklu dýpra spillingardíki heldur en ég hafði nokkurn tíma gert mér grein fyrir og ég hef heyrt marga aðra segja þetta, jafnvel menn sem hafa fylgst með stjórnárum og verið í þeim lengi. Menn áttuðu sig hreinlega ekki á því hvað við vorum öll orðin samofin þessu... ég kalla landið okkar rányrkjubú.

Þegar við förum af stað með lýðveldið okkar fáum við mestu stríðsskaðabætur sem nokkur þjóð fékk per haus. Síðan kemur herinn og verður stór mjólkurkú hér fyrir ákveðna atvinnurekendur sem fá einkaleyfi á að nýta þessa auðlind sem er búin til sérstaklega í kringum nokkur fyrirtæki. Og síðan áfram hafta- og skömmtunarkerfi þar sem hið pólitíska kerfi er samofið sérstöku skömmtunarkerfi. Það verður ekki lýðræðiskerfi heldur, eins og ég kalla það, höfðingjavelði á afríska vísu þar sem eru úthlutunarkóngar, skömmtunarstjórar.

Egill: Höfðingjavelði. Og þá eru menn í rauninni að vinna gegn hagsmunum almennings.

SJH: Já, já. Hið pólitíska kerfi bjó til skömmtunarkerfi, upp rísa í gegnum það stjórnárumflokkar og stjórnárumakerfi og jafnvel inn í stjórnsýsluna gróa þeir, þessir menn, þar sem þeir eru að úthluta landsins gögnum og gæðum, sem Íslendingar eiga sameiginlega, eftir ákveðnum leiðum - pólitískum leiðum eða öðrum. Þetta er það sem við Sáum að hefur gerst í nýfrjálsum ríkjum Afríku og annars staðar. Það verður til forréttindastétt, valdastétt, sem tekur að sér að einoka auðlindir landsins en úthluta eftir ákveðnum skömmtunarkerfum til að kaupa sér hollustu.

Þetta gerist á Íslandi, almenningur verður þessu mjög samgróinn og menn læra að spila á kerfið. Meðan hér var stigvaxandi hagvöxtur, alltaf meiri og meiri auður til að deila út, þá gekk þetta. Þá voru menn sáttir við þetta af því menn trúðu að þeir gætu fengið mola af borðunum. Og með því að hafa réttu

„Hið pólitíska kerfi bjó til skömmtunarkerfi“

samböndin gætu menn komist í álnir. Margir gerðu það, aðrir síður. En eigi að síður skapast vitund um það hjá almenningi að þetta sé leiðin til að komast áfram og almenningur verður spilltur líka.

Egill: Og mjög sljór gagnvart þessu systemi öllu. Og allir verða sljóir gagnvart því.

SJH: Allir verða sljóir. Þetta var aðferðin til að ná sér í eitthvað. Og auk þess er hérna náttúrlega mikil auðsköpun í samfélaginu eftir ýmsum leiðum og það virðist alltaf vera meira og meira til skiptanna og allir geta verið ánægðir. Foreldrar okkar trúðu því að ef þau byggju í raðhúsi gætu börnin flutt í einbýlishús og foreldrarnir gætu verið öruggir með lífeyrinn sinn þegar þar að kæmi. Nú er þetta kerfi hrunið.

Misnotað traust

Það var, tel ég, komið að leiðarlokum undir lok 20. aldarinnar. Það var ekki mjög mikið eftir. Það var búin að taka fiskveiðikvótann; það leit ekkert mjög vel út með orkuauðlindina... jú það lá fyrir - eitt til tvö álfver í viðbót landbúnaðarkerfið tekið að mólna, hið pólitíska kerfi í kringum það - þannig að það var komið að leiðarlokum og hið óumflýjanlega uppgjör varð að fara fram.

En svo kom hrunið og gjörbreytti þessu öllu. Ég held að við höfum náð á síðustu metrunum að klóra okkur upp í efstu hæðir með rányrkjuna, það er að segja erlent lánsfé, í krafti þess trausts sem Íslendingar höfðu skapað sér á erlendum vettvangi - og svo fór það allt.

Ísland sem herfang þeirra sem fá aðgang

Egill: Þú segir í greininni að kynslóð stjórnámálmannanna sem hverfur af sjónarsviðinu hafi verið öflugasta sjálfþökulið allra tíma á Íslandi.

SJH: Já... það sem gerði útslagið og afgreiddi margt af þessu fólki endanlega í mínum huga var eftirlaunafrumvarpið rétt eftir síðustu aldamót. Mér fannst þetta vera orðið svo yfiringilegt þegar menn taka sér... þegar menn eru orðnir svona gráðugir inni í kerfinu. Þetta er það sem kemur fyrir allar valdastéttir, alls staðar. Þær fara að taka svo mikið til sín, Sjást ekki fyrir og búa sér til svona eigin þaðmull utan um sjálfa sig, eins konar púpuhylki, þar sem þeir geta verið inni í kerfinu og tekið það sem þá langar í. Eftirlaunafrumvarpið var mjög gott dæmi um þetta.

Námslánin - verðbólgan át þau upp fyrir þeim. Húsnæðislánin sömuleiðis. Og svo eins og mönnum finnst nú brandari - þá var tekinn erfðafjárskatturinn. Þegar foreldrar þessa fólks tóku að deyja þá afnam það erfðafjárskattinn til að þau, á sextugs- og sjötugsaldri gætu nú fengið allt í hendurnar.

Þetta lýsir svolítið viðhorfinu, það er að segja afstöðunni til Íslands, stjórnámalanna og auðlindanna - þetta er herfang sem menn gína yfir. Mér hefur fundist núna, eftir hrún... hvers vegna snúa Íslendingar ekki bökum saman eins og við hefðum gert ef þetta hefði verið eldgos? Nei, vegna þess að baráttan um auðlindirnar er svo mikilvæg; hún er svo svakaleg og svo hörð, það eru svo ofboðslegir hagsmunir í húfi að það verður stríð. Það er stríð í landinu og það er stríðið um auðlindirnar.

Egill: Við höfum náttúrliga séð í eitt skipti hvernig... menn héldu kannski að hérna ættu að fara að gilda einhverjar almennar reglur. Menn hugsuðu: Nú einkavæðum við bankana og látum viðskiptalögmálin gilda hér. En svo náttúrliga, eins og er stöðugt verið að draga betur fram, þá er einkavæðingin algjörlega með hreinum ólíkindum.

SJH: Já, ég rek það í þessari grein einmitt, að hún var ekki einkavæðing, hún var klíkuvæðing. Einkavæðing í anda hinnar sönnu hugmyndafræðilegu frjálshyggju fer fram eftir öðrum leiðum. Þá bjóða menn í eignir og fá þær keyptar á raunvirði og annað slíkt.

Þessir höfðingjar úthlutuðu gögnum og gæðum og hreinlega rændu þeim, segi ég. Ég held að við séum komin á það stig að við getum hreinlega sagt það um bankana, til dæmis. Að þeim hafi verið rænt. Þeir einkavæddu spillinguna. Spillingin sem var rótgróin áður inni í úthlutunarkerfinu, viðskiptalífínu... hún var tekin og einkavædd þannig að vinir valdaflokkanna fengu beinan aðgang að þeim en aðrir ekki.

Og hvað gerðist? Þeir átu upp öll fyrirtæki landsins á undraskömmum tíma í krafti þess fjármagns sem þeir tóku sér. Og gíruðu auðvitað Ísland upp með erlendu lánsfé undir lokin, en eftir örfá misseri voru þessir bankar komnir með öll helstu fyrirtækin undir sína stjórn og þóttust ætla að gera þau að ennþá betri fyrirtækjum. Það hét *umbreytingakapítalismi*. Þetta var bara klíkukapítalismi.

Íslenska útgáfan af spillingu og fámennisbölið

... þetta eru ekki hugmyndafræðileg átök. Þetta er valdaflokkur, ekki bara Sjálfstæðisflokkurinn heldur ákveðinn hópur innan hans og annarra flokka, sem taka sig til og hertaka Ísland - í nafni hugmyndafræði. En það var samþjöppun en ekki samkeppni. Það var ekki markaðsvæðing, það var einkavinavæðing.

Þetta er það sem ég segi... spillingin á Íslandi var yfirfærð í klíkukapítalisma. Það er auðvitað ekki það sem hugmyndafræðingar frjálshyggjunnar meina. En oft fer þetta nú þannig. Við sjáum Rússland, þar verður maffúkapítalismi. Á Ítalíu er enn eitt afbrigðið af kapítalisma sem maður veit varla hvað heitir. Og víða í hinum nýfrjálsu ríkjum verður til annars konar elítukapítalismi, það er að segja forréttindastétt sem læsir klónum í herfang og eigur þjóðarinnar. Þetta er það sem gerðist hér.

Egill: Það er náttúrliga annað sem hefur verið mjög áberandi á Íslandi og það er partur af þessu. Það hefur verið kallað *útnefningarspilling* og svoleiðis. Það er það að verðleikar eru í rauninni frekar... ja, ég segi ekki litnir hornauga, en ef þú makkar ekki rétt þá ertu ekki með í bixinu.

SJH: Já, og það er einmitt það sem er svo slæmt og þegar maður fer að hugsa um þetta... spillingarkerfið þarf auðvitað að hafa sína afgangslumeistara. Það er höfðingjavelðið sem teygir sig út á ystu nes og inn til dala þar sem menn búa sér til keðju, hollustukeðju, þar sem í raun og veru færiband fyrir eigur þjóðarinnar gengur fram og aftur. Til að rísa innan þessa kerfis er ekki spurt um verðleika, heldur hollustu fyrst og fremst.

Í annan stað þarf svona pólitískt kerfi að hafa sína menn í stjórnsýslu. Stjórnsýsla í þróuðum lýðræðisríkjum er búin til til að setja lélegum stjórnámálumönnum skorður þannig að þeir

geti ekki skandalíserað. Það eru búnar til reglur, regluverk, og ráðherrar, þingmenn og stjórnarformaður Byggðastofnunar - þeir **mega** ekki skandalísera og það er einhver sem á að segja þeim það. Með því að hafa sína menn þarna inni í toppstöðunum þá er enginn sem passar upp á; regluverkið, stjórnsýslan hrynur líka.

Það er það sem við erum að sjá núna í kjölfar hrunsins þegar menn fara að grafa upp - það var enginn sem sagði neitt vegna þess að þetta voru allt vinir og bræður. Þetta vinnur auðvitað gegn því að upp í gegnum bæði viðskiptin og stjórnsýsluna komist hæfasta fólkíð...

...En það er eitt sem hamlar okkur mjög og það er fámennisbölið. Þessi 300 þúsund manna þjóð hefur ekki nægilega stóran samfélagsskóla til þess að búa til... við fáum einn Eið Smára Guðjohnsen á 10 eða 20 ára fresti og þeir verða að fara til útlanda til að læra að spila almennilegan fótbolta, þessir góðu.

Það er eins í stjórnámálum og business og öðru - við búum ekki til nógu sterka leiðtoga, menn, í gegnum þetta kerfi okkar vegna þess að hér er fámennisbölið ofan á spillinguna. Einstaklingar sem eru virkilega hæfir geta ekki, eins og maður hefur séð í öðrum löndum... önnur lönd eru spillt, maður hefur séð það á Vesturlöndum úti um allt. En þeir geta þá leitað annað; þeir hafa eins konar áfrýjunarrétt, annars staðar í samfélaginu geta þeir komið sér fyrir. En hér teygir kerfið sig út um allt og það er bara vonlaust að losna úr þessu.

Og ef menn reyna að losa sig úr þessu þá eru þeir ofsóttir í fjölmiðlum. Þannig að þetta er mjög slæmt og hvernig við vindum ofan af þessu veit ég ekki.

Félagsauðurinn þurrkaðist út

SJH: Eitt af því sem er algjörlega vanmetið við hrúnið af því að menn einblína á það sem fjármálahrun - það birtist vissulega þannig - það er það hrun sem varð á trausti innan samfélagsins. Það er ekki metið til fjár.

Félagsauður Íslendinga þurrkaðist út í hruninu. Traust á stjórnámálönnum fór auðvitað veg allrar veraldar strax. En síðan eru það þessar stofnanir - lífeyrissjóðirnir, sparissjóðirnir, eigum við að taka fjölmiðlana og síðan áfram eftir því sem við rekjum okkur niður í samfélagið - þar er alls staðar vantraust...

...Það er ýmislegt svona sem verður ekki metið til fjár. Traust er ekkert bara eitthvað sem felst í handtaki eða djúpri rödd. Menn hafa skilgreint hlutverk þess í þjóðfélagi. Traust sem ríkir í samfélagi og félagsauður veldur því að það verður mjög skilvirkt. Ég hef séð það í þjóðfélögum þar sem ég hef búið, nokkrum, þar sem ekki ríkir slíkt traust í viðskiptum, stjórnámálum, fjölmiðlum eða öðru slíku - þar höktir allt. [E: Það er ótrúlega skaðlegt.] Já. Það er ekki bein spilling heldur bara vegna þess að traustið er ekki fyrir hendi, það þarf að sannreyna allt.

Þetta ástand er komið upp hér og á eftir að valda okkur miklum skaða. Ég veit satt að segja ekki hvernig við förum að því að vinna úr þessu. Við þurfum bara að rekja okkur gegnum stofnun fyrir stofnun og leikreglur fyrir leikreglur hvernig við byggjum upp traust. Það gerum við ekki með því að flytja hvetjandi ávörp í sjónvarpinu um áramót eða eitthvað slíkt, heldur einfaldlega með því að búa til þessar leikreglur sem þurfa að halda. Og nú þurfa þær að halda.

[...]

Egill: Þú hefur talað um þarna... í þessari grein ertu að tala um pólitíska uppreisn frá miðju. Hvað er pólitísk uppreisn frá miðju?

SJH: Það er eins og við þekkjum úr amerískum bíómyndum: ***We're not going to take this anymore.*** Það er að segja að það sé millistéttin íslenska... hún er það stór og hún á það mikið undir því að allt gangi vel herna... að henni muni blöskra á endanum svo mjög, að hún bara hreinlega krefjist þess af stjórnámálönnum, af öllum þeim sem vilja gera gagn í samfélaginu, að nú tókum við okkur saman í andlitinu og hættum þessu rifrildi.

Það er auðvitað dálítið mikil bjartsýni fólgin í því, því að sérhagsmunirnir eru alltaf miklu háværi heldur en fulltrúar almannahagsmuna sem vildu gjarnan fá að vera bara heima uppi í sófa en þurfa núna að taka sig til og koma út. Nú má enginn bregðast. Ég held að núna á næstu árum... þetta er ekkert sem gerist á einum hálfum mánuði og ég er ekkert svo sannfærður um að einhver nýr stjórnámálaflokkur muni gjörbreyta þessum viðhorfum... en á næstu misserum muni koma upp sú staða að stjórnámálamennirnir, flokkarnir, fjölmiðlar og aðrir í opinberu lífi munu átta sig á því þetta geti ekki gengið lengur og við þurfum að taka hér til. Og þessi tiltekt sem hófst með núverandi ríkisstjórn, [ríkisstj. Jóhönnu Sigurðardóttur] hún þurfi að halda áfram og ganga mun lengra á ýmsum sviðum.

Ég held að þegar íslenska millistéttin áttar sig á því að það eru hennar hagsmunir að láta ekki sérhagsmunaöflin ráða... ætlum við að láta breyta þessu velferfarríki okkar sem þó er, í svona ríkislíki eins og er sums staðar í þróunarlöndum þar sem er ein massíf elíta - sem er kannski 3% af þjóðinni - sem hefur allt til alls og svo aðrir alltaf í eilífu basli á mismunandi stigum fátæktar. Við munum aldrei verða skítfátæk, vona ég. En við munum ekki, tel ég, líða það að þessu kerfi verði komið á - þessu tvískipta þjóðfélagi.

Sérhagsmunaöflin eru sterk

Egill: En hagsmunaöflin eru bara svo rosalega sterk á Íslandi [**SJH:** Þau eru það.] og þau eru svo rosalega frek og þau kunna svo vel á þjóðina. Þjóðarsálina.

SJH: Ja... þau kunna svo vel á valdakerfið. Hvort þau kunna á þjóðarsálina og ég, sem gamall Þjóðarsálarfrömuður, er ekki viss um að þau kunni á hana lengur og skilji hvernig hjartað slær. Það held ég ekki. Ég held til dæmis að útgerðarmenn séu að fara í mjög ranga átt fyrir þeirra eigin hagsmuni. Ef þeir vilja halda áfram að tryggja sér aðgang að auðlindinni þá þurfa þeir að slá af, ekki fara í þetta stríð sem þeir eru núna í. Það væri bara mitt ráð til þeirra ef ég væri þeirra almannatengslafrömuður, sem ég er ekki. Því að einfaldlega áttið ykkur á því að við, þú og ég og öll hérna úti, við ætlum ekki að láta ykkur stela auðlindinni - aftur. Hvað var gert? Kvótinn var veðsettur og fluttur til útlanda í

eignarhaldsfélög. Ætlum við að láta gera það áfram? Nei, við ætlum ekki að gera það.

Egill: Stríðið stendur meðal annars um þetta.

SJH: Já, það stendur meðal annars um þetta. Af hverju kaupir Samherji fiskveiðiheimildir á makríl í Færeyjum en ekki á Íslandi? Það má ekki bjóða út auðlindir á Íslandi en það má gera í Færeyjum og þeir versla þar og um allan heim. Kaupa veiðileyfi um allan heim. Samherji, eitt öflugasta útrásarfyrirtæki Íslands fyrr og síðar og stendur enn traustum fótum. ...af hverju geta þeir ekki borgað til þjóðarinnar það sem þeim ber fyrir að hafa aðgang að þessari mikilvægu auðlind?

...

Egill: Og við höfum náttúrlega þessar auðlindir okkar sem eru góðar.

SJH: Mjög góðar. Mjög vanmetin er vatnsauðlindin. Nú geisa stríð um vatn, bara vatn. Og síðan er það auðvitað... ja, menn héldu að þetta væri óendanleg,

Stytt útgáfa af viðtalinu sem flutt var á RUV í janúar 2012 er á Youtube.com:

<https://www.youtube.com/watch?v=NqzFkL3a7IQ>

Þökk sé Láru Hönnu, sem einnig setti inn viðtalið í heild á sínum tíma og má enn finna.



sjálfbær orka - hún er það ekki, það er að segja jarðhitinn. En eigi að síður, á þessum köldu dögum sem hafa dunið yfir, finnur maður að það er aldeilis gott að þurfa ekki að brenna olíu fyrir þetta. Og auðvitað það sem við erum að selja til stóriðju og síðan auðvitað fiskurinn í sjónum. Og auðnirnar sem í framtíðinni munu verða mjög eftirsótt auðlind og við sjáum nú þegar að erlendir menn eru farnir að ásælast.

Fólkið mesta auðlindin

Egill: Nú nefnirðu, sem er reyndar dálítið merkilegt, að sumt hefur okkur tekist ágætlega í þessu landi eins og varðandi samkynhneigða, hugsanlega jafnvel kvennabaráttuna að einhverju leyti og fleira sem er þú veist...

SJH: Það er athyglisvert ef maður horfir svona 20, 25 ár aftur í tímann... það er margt sem hefur breytt okkar samfélagi til hins betra og hefur gerst utan við smiðjur stjórnmalaflokkanna. Það er dálítið merkilegt. Vímuvarnarmál... alkóhólistar hafa komið upp

sem sterkt afl í samfélaginu til að bæta það - á sínu sviði. Þeir sem sinna geðheilbrigðismálum, æskulýðsmálum og ýmis félagsöfl hafa komið upp og bætt þetta samfélag alveg gríðarlega.

Tökum hvað konur hafa gert gegn kynferðislegu ofbeldi og opnað augu okkar fyrir því og hvað hefur gerst. Við eigum mikla möguleika. Og það hefur kannski sýnt sig - ef við horfum á þetta fólk, sem þetta hefur gert - horfum svo á listamennina okkar, tónlistarfólkið og alla þá sem eru að gera það gott víða um lönd. Það sýnir að það er gríðarlegur styrkur sem hefur komið okkur upp í krafti menntunar.